



1. INNGANGUR

Markmið

Að nemandi átti sig á

- að miðöldum lýkur og nýöld hefst í Evrópusögu um 1500;
- að miðöldum lýkur og nýöld hefst í Íslandssögu um 1550;
- þeim breytingum sem urðu við tímabilaskiptin;
- helstu einkennum nýaldar fram á 19. öld;
- að nútímasamfélag þróaðist seinna á Íslandi en almennt í Evrópu;
- tímaramma bókarinnar.

Kennsla

Útskýra þarf fyrir nemendum að tímabilaskipti verða í sögu Evrópu vegna mikilla breytinga sem áttu sér stað í kringum aldamótin 1500. Þar með lýkur miðöldum og nýöld gengur í garð.

Benda skal nemendum á að hvert Evrópuland hafi sín sérkenni og að almenn þróun innan álfunnar hafi oft komið seinna fram á Íslandi. Þar af leiðandi lýkur miðöldum seinna hérlendis en víða annars staðar í Evrópu.

Sjálfsgagt er að útskýra fyrir nemendum helstu einkenni þeirra breytinga sem réðu tímabilaskiptingunni. Því er gott að fara nokkrum orðum um endurreisnina, landafundina og siðaskiptin.

Þá er ekki úr vegi að fara yfir helstu einkenni nýaldar fram til 19. aldar. Þar með fá nemendur nokkra yfirsýn yfir tímabil bókarinnar. Rétt er að láta umfjöllunina ná jafnt til Evrópu (eða heimsins) sem Íslands.

Umræður

- Hvað vita nemendur um miðaldir? Hafa þeir allir einhverjar hugmyndir um miðaldasögu Íslands?
- Af hverju verða tímabilaskipti í sögunni (eins og þegar nýöld tekur við af miðöldum)?
- Vita nemendur eitthvað um endurreisnina, landafundina og siðaskiptin? Að hvaða leyti eiga þessir þættir við Ísland?
- Hafa nemendur heyrt talað um nýöld? Hvað vita þeir um það tímabil?
- Hvaða breytingar urðu á 19. öld í Evrópu sem leiddu okkur til þess nútímasamfélags sem við búum við? Hvernig fylgdi Ísland þeirri þróun?
- Hvernig tengist ljóðið á bls 7efni kaflans?



VERKEFNI

Ritun

- Ímyndaðu þér að þú sért blaðamaður sem hefur upplifað þær miklu breytingar sem urðu í Evrópu við lok miðalda og upphaf nýaldar. Skrifðu frétt sem segir frá þessum merku tímamótum eins og þú sérð þau fyrir þér.
- Ímyndaðu þér að þú sért 19. aldar maður sem fær heimsókn frá manni sem ferðast hefur með tímavél. Segjum að gesturinn sé 16. aldar maður sem vilji gjarnan vita hvernig heimurinn hafi þróast á nýöld. Skrifðu frásögn af samskiptum ykkar þar sem fram koma helstu breytingar sem urðu í Evrópu á tímabilinum 1500 til um 1900.

Myndmennt

- Teiknaðu myndir sem skýra út þær breytingar sem urðu í Evrópu við lok miðalda og upphaf nýaldar. Þú getur teiknað myndasýrpu þar sem helstu einkenni endurreisnar, landafunda og siðaskipta koma fram.
- Teiknaðu mynd sem varpar ljósi á þær breytingar sem urðu á fyrstu öldum nýaldar. Þú ræður hvort þú teiknar eina stóra mynd eða myndasýrpu.
- Myndskreyttu ljóðið sem er í lok kaflans.

Tímaás

- Myndræn útfærsla á tímaás sett upp í kennslustofunni og atburðir sögunnar smátt og smátt merktir inn á hann um leið og kaflar eru lesnir. Eða hver nemandi gerir sinn eigin tímaás og merkir inn á hann jafnóðum við lestur bókarinnar. Hugmynd að tímaás er að finna undir verkefnum.